

**Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur**  
Samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur

Reykjavík 1. október, 2011

Ásgeir Björnsson  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun Áb. <u>AB BP OAS SA</u>
10. okt. 2011 <u>11.25.2</u>
Tilv. <u>UST20110800058</u>

*Varðandi: Umsókn ORF Líftækni hf, um leyfi til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þ.e. til ræktunar erfðabreytts byggs í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi.*


Eftirfarandi umsögn var samþykkt af fimm af átta viðstöddum meðlimum ráðgjafanefndarinnar. Einn fundarmaður sat hjá, en viðkomandi er starfsmaður LbhÍ, tveir nefndarmenn vilja kynna sér gögnin betur og skila séráliti. Á fundi þann 19. september 2011 kom fram að eftirlitsaðili frá Umhverfisstofnun hafi tekið út öryggismál og verkferla í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi. Að mati UST stenst gróðurhúsið öryggiskröfur, með þeirri athugasemd að settar verða frægildrur í niðurföll.

**Umsögn samþykkt af ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur**

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera annarra en örvera. Umsóknin er um endurnýjun á leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi (*Hordeum vulgare L., cv Golden Promise*), sem notað er sem hýsilplanta fyrir framleiðslu á sérvirkum próteinum. Fyrst og fremst er um að ræða vaxtarþætti úr manningum (human growth factors og/eða cytokines), sem síðan eru finhreinsaðir úr fræhvítunni (endosperm vef fræsins). Fram kom á fundi ráðgjafanefndarinnar þann 19. september 2011 að fulltrúi Umhverfisstofnunar hafi farið í eftirlitsferð og tekið aðstöðuna út miðað við gátlista, sem meðal annars nær yfir afmörkunarskilyrði sem fram koma í tilheyrandi reglugerð nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umhverfisstofnun telur aðstöðuna fullnægjandi fyrir umsóttu starfsemi, fyrir utan að það þarf að setja síur á frárennislagnir, þannig að fræ komist ekki út í umhverfið. Bygg til sáningar verður flutt úr Grænu smiðjunni í Grindavík í gróðurhúsið og stefnt er að uppskeran verði flutt til Grindavíkur til frævinnslu. Fram kemur í umsókn að bæði er gert ráð fyrir ræktun í vökvarækt og í mold. Eftir endurnýtingu moldar mun ORF flytja alla mold austur í Gunnarsholt, til urðunar á tilraunareiti fyrirtækisins þar.

Ráðgjafanefndin hefur kynnt sér umsóknina og rætt hana á fundi sínum 19. september 2011. Eftirlitsaðili UST hefur gert nefndinni grein fyrir aðstöðu, afmörkun og öryggismálum í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum í Ölfusi. ORF Líftækni hf hefur gilt leyfi til útiræktunar í Gunnarsholti. Ráðgjafanefndin telur að leyfi til urðunar moldar í Gunnarsholti sé háð því að leyfi til útiræktunar sé gilt og að mold sé urðuð í tilraunareitum fyrirtækisins þar. Meiri hluti ráðgjafanefndarinnar leggur til að leyfi verði veitt.

Virðingarfyllt

  
Ragnhildur Sigurðardóttir